



Dagsetning: 05.06.2020
Málsnúmer: 1805115/0.1

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

um lítillsháttar breytingu á erindisbréfi eigna- skipulags- og umhverfisnefndar

Samhliða því að bætt er lið við viðauka 1.1. í samþykkt nr. 736/2019 er varðar fullnaðar-afgreiðslur eigna- skipulags- og umhverfisnefndar, eru gerðar lítillsháttar breytingar á erindisbréfi nefndarinnar er snúa að hlutverki Rafveitu Reyðarfjarðar.

Út fellur 3. mgr. 2. töluliðar 2. gr. er fjallar um verkefni nefndarinnar; „*Stjórnun Rafveitu Reyðarfjarðar í samræmi við raforkulög nr. 65/2003 og reglugerð um Rafveitu Reyðarfjarðar þar um.*“

Út fellur í 12. gr. eftirfarandi er fjallar um fullnaðarafgreiðslu nefndarinnar; „*Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Rafveitu Reyðarfjarðar. Þó ekki staðfestingu gjaldskrár, ársreikninga, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.*“

Í 12.gr. kemur jafnframt inn eftirfarandi málsgrein; „*Ákvörðun um hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili og framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og tilgreind er í flokki C í 1.viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.*“

Eftir þessa breytingar verður viðauki 1.1. um fullnaðarafgreiðslu eigna- skipulags- og umhverfisnefndar eftirfarandi.

VIÐAUKI 1.1.

um fullnaðarafgreiðslu eigna- skipulags- og umhverfisnefndar

1.gr.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar og bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarskóp Fjarðabyggðar:

- Tillögur til lögreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem hljóta þurfa staðfestingar eða samþykki hans, sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.



- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Hitaveitu Fjarðabyggðar. Þó ekki mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun, ákvarðanir um breytingu veitusvæðis og ákvarðanir um nýframkvæmdir sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Vatnsveitu Fjarðabyggðar. Þó ekki mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Fráveitu Fjarðabyggðar. Þó ekki mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
- Breytingar á deiliskipulagi, sbr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Ákvörðun um að hefja gerð deiliskipulags, sbr. 38. gr. skipulagslaga.
- Framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga.
- Skiptingu jarða, landa, lóða og breytingu á landamerkjum samkvæmt 48. gr. skipulagslaga.
- Meðmæli til Skipulagsstofnunar vegna einstakra framkvæmda þar sem ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag, sbr. 1. ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögum.
- Endurnýjun og framlenging á gildandi lóðarsamningum.
- Verkefni byggingarnefndar sbr. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- Ákvörðun um hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili og framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og tilgreind er í flokki C í 1. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

Gunnlaugur Sverrisson
forstöðumaður stjórnsýslu

